



Fréttatilkynning
21 November 2024 12:10:00 GMT

EKKI TIL ÚTGÁFU, BIRTINGAR EÐA DREIFINGAR TIL BANDARÍKJANNA EÐA YFIRRÁÐASVÆÐA ÞESS (Þ.Á.M PÚERTÓ RÍKÓ, BANDARÍSKU JÓMFRÚAREYJAR, GVAM, BANDARÍSKA SAMÓA, VARSÍMAEYJAR EÐA NORÐUR-MARÍANAHEYJAR) EÐA HVERRAR ÞEIRRAR LÖGSÖGU ÞAR SEM HIÐ SAMA TELDIST BROT Á LÖGUM VIÐKOMANDI LÖGSÖGU (SJÁ NÁNAR TAKMARKANIR Í HJÁLAGÐRI TILKYNNINGU UM ENDURKAUPATILBOÐ).

Íslandsbanki hf.: Niðurstaða endurkaupatilboðs á sjálfbærri almennri skuldabréfaútgáfu bankans í evrum

Íslandsbanki hf. tilkynnir í dag um niðurstöðu endurkaupatilboðs til eigenda 300 milljóna evra sjálfbærrar skuldabréfaútgáfu sem ber 0,750% vexti og er á gjalddaga 25. mars 2025 (ISIN: XS2411447043) gegn greiðslu reiðufjár (hér eftir endurkaupatilboðið).

Endurkaupatilboðið var tilkynnt 13. nóvember 2024 og var háð þeim skilmálum og skilyrðum sem er að finna í endurkaupatilboðslýsingunni (e. Tender Offer Memorandum) sem dagsett er 13. nóvember 2024 sem bankinn gaf út.

Bankanum bárust gild tilboð að upphæð 73.021.000 evra og voru þau öll samþykkt. Frekari upplýsingar er að finna í hjálagðri tilkynningu um niðurstöðu endurkaupatilboðsins (e. Tender Results Announcement).

Umsjónaraðilar (e. Dealer Managers) með endurkaupunum voru Citigroup Global Markets Europe AG og Jefferies GmbH.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is

Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

MAR legend - Tender offer

Þessi tilkynning er birt af Íslandsbanka hf. og inniheldur upplýsingar sem töldust eða kunna að hafa talist innherjaupplýsingar í skilningi 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og Ráðsins (ESB) nr. 596 /2014 um markaðssvik (MAR), sbr. lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum, sem innihalda upplýsingar tengdar endurkaupatilboðinu sem lýst er hér að ofan. Tilkynning þessi er gerð af Ellerti Hlöðverssyni, fjármálastjóra Íslandsbanka hf., í samræmi við upplýsingaskyldu bankans samkvæmt MAR og 2. gr. framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EU) 2016/1055.

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Niðurstaða endurkaupatilboðs á sjálfbærri almennri skuldabréfaútgáfu bankans í evrum](#)

[Íslandsbanki November 2024 Tender Results Announcement](#)